

**Nd.**

**150. Lög**

um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

(Afgreidd frá Nd. 11. febrúar).

1. gr.

Á eftir 2. málsg. 2. gr. laga nr. 79, 14. nóv. 1917, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn er bæjarstjórnun heimilt að gera samþyktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskifti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sje þar seldur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.